

Samningur um umhirðu á opnum svæðum í þéttbýli í Borgarbyggð

Borgarbyggð kt.: _____-_____ og _____ kt.: _____-_____. Gera með sér eftirfarandi samning um umhirðu á opnu svæði í/á _____(þéttbýlisstaður)_____.

_____ tekur að sér, Borgarbyggð að kostnaðarlausu, umhirðu svæðisins, sem lýst er í þessum samningi og afmarkað á meðfylgjandi loftmynd. Umhirðan skal vera í samræmi við áætlun sem samningsaðilar vinna sameiginlega og er hluti þessa samnings.

Borgarbyggð getur í fjárhagsáætlun ákveðið að verja peningum til kaupa á plöntum eða öðrum aðföngum til nota á opnum svæðum sem íbúar hafa tekið í fóstur. Skal það auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins fyrir 10 janúar ár hvert ásamt úthlutunarreglum ársins. Sé stefnt að framkvæmdum á svæðinu með stuðningi Borgarbyggðar skal sótt um það til Borgarbyggðar eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Samningsaðilum er frjálst að afla aðfanga á eigin kostnað.

Allar framkvæmdir á samningssvæðinu teljast eign Borgarbyggðar, nema um annað sé samið sérstaklega.

Svæðið skal ávallt opið almenningi nema samningsaðilar séu sammála um þörf á tímabundinni lokun þess.

Samningurinn gildir til 1. maí á næsta ári eftir undirritun, en framlengist eftir það sjálfkrafa um ár í senn, uns annar hvor samningsaðila segir honum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Við lok samnings á hvorugur samningsaðila kröfu á hinn.

Lýsing svæðis:

Fylgirit:

Loftmynd af samningssvæðinu

Umhirðu og framkvæmdaáætlun

Uppdráttur með umhirðu og framkvæmdaáætlun (ef þurfa þykir)

Borgarnesi _____

f.h. Borgarbyggðar
